

**Samantekt: Málafni aldraðra: þjónustustyrkir eða peningastyrkir**

**Nemandi: Hrefna Sigurðardóttir**

**Sérsvið: Heilsuhagfræði**

**Dagsetning: Janúar 2008**

Markmið verkefnins er að meta hvort velferð og ánægja aldraðra væri meiri fengju þeir peningastyrk í stað þjónustustyrks og hvaða áhrif það hefði á útgjöld hins opinbera. Öldrunarþjónusta er að mestu leyti greidd af ríkinu en greiðsluþátttaka aldraðra mun aukast á næstu áratugum með bættum fjárhag þeirra. Þegar heyrast kröfur um fjárhagslegt sjálfræði aldraðra, jafnvel þegar þeir fara inn á hjúkrunarstofnanir, en til að mæta þeim þarf að breyta núverandi greiðslukerfi.

Farið er yfir ýmis sérkenni heilsuhagfræðinnar eins og markaðsbresti, hvernig þeir geti haft áhrif á heilbrigðisþjónustuna og stuðst við hagfræðikenningar um neytendaval, nýttjar og velferð. Þá er farið yfir stöðu mála aldraðra á Íslandi, ýmsar tölulegar upplýsingar um hagi þeirra notaðar til að áætla breytingar á fjölda aldraðra og greiðslum ellilífeyris bæði úr almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðum næstu áratugi. Farið er yfir niðurstöður erlendra rannsókna um peningastyrki og þjónustu og að lokum sett fram dæmi um kostnað núverandi og breytts greiðslukerfis til að meta fjárhagslegar forsendur fyrir breytingum.

Ljóst er að núverandi greiðslukerfi vistmanna á hjúkrunarheimilum skerðir verulega fjárhagslegt sjálfræði einstaklinganna. Breytt greiðslukerfi mun auka sjálfræði einstaklingsins til að ráðstafa tekjum sínum í það sem hámarkar velferð þeirra. Með því að skilgreina nákvæmlega kostnað einstakra þjónustuþátta fyrir kaupendur og seljendur þjónustunnar er hægt að hagræða og stýra kostnaði og greiðslum betur en mögulegt er í dag.

Aldraðir munu í auknum mæli hafa tekjur úr lífeyrissjóðum þegar þeir eru komnir á eftirlaun og þar með taka meiri þátt í kostnaði heimilis þegar þeir eru vistaðir á dvalar- eða hjúkrunaheimili. Ætla má að með auknum ráðstöfunartekjum muni lífeyrisþegar í vaxandi mæli óska eftir að ráðstafa sjálfir eigin ellilífeyristekjum í þá þjónustu sem þeir telja að sé þeim fyrir bestu.

